

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1251/2008

2011/EES/5/43

frá 12. desember 2008

**um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum <sup>(1)</sup>, einkum 17. gr. (2. mgr.), 22. og 25. gr. og 61. gr. (3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2006/88/EB er mælt fyrir um þær dýraheilbrigðiskröfur sem skulu gilda um setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og um innflutning og umflutning þeirra gegnum Bandalagið. Tilskipun 2006/88/EB fellir úr gildi og kemur í stað tilskipunar ráðsins 91/67/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða <sup>(2)</sup> frá og með 1. ágúst 2008.
- 2) Samkvæmt tilskipun 2006/88/EB er lagareldisdýr skilgreint sem öll lagardýr, þ.m.t. skrautlagardýr, á öllum stigum lífsferilsins, þ.m.t. hrogn og svil, í eldi í eldisstöð eða lindýraræktunarsvæði, þ.m.t. öll villt lagardýr sem ætluð eru til eldis í eldisstöð eða á lindýraræktunarsvæði. Lagardýr er skilgreint sem fiskur, lindýr og krabbadýr.
- 3) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/567/EB frá 27. júlí 1999 um að ákveða fyrirmynd að vottorðinu sem um getur í 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE <sup>(3)</sup> og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/390/EB frá 23. maí 2003 um að setja sérstök skilyrði fyrir markaðssetningu á dýrategundum, sem eru aldar og ræktaðar í sjó eða vatni og eru ekki taldar næmar fyrir tilteknum sjúkdómum, og afurðum úr þeim dýrum <sup>(4)</sup> er mælt fyrir um tilteknar reglur um setningu lagareldisdýra á markað, þ.m.t. kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/804/EB frá 14. nóvember 2003 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra og útgáfu dýraheilbrigðisvottorðs vegna innflutnings lindýra, hrognna þeirra og svila til frekari ræktunar,

eldis, umlagningar eða neyslu <sup>(5)</sup>, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/858/EB frá 21. nóvember 2003 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og útgáfu heilbrigðisvottorðs vegna innflutnings á lifandi fiski, hrognum og svilum til eldis, auk lifandi eldisfisks og afurða af honum til manneldis <sup>(6)</sup> og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/656/EB frá 20. september 2006 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra og útgáfu dýraheilbrigðisvottorðs vegna innflutnings á skrautfiskum <sup>(7)</sup> er mælt fyrir um skilyrði fyrir innflutningi á lagareldisdýrum inn í Bandalagið. Þessar ákvarðanir eru til framkvæmdar tilskipun 91/67/EBE.

- 4) Í tilskipun 2006/88/EB er kveðið á um að setning lagareldisdýra á markað sé háð dýraheilbrigðis-vottun þegar komið er með dýrin inn í aðildarríki eða inn á svæði eða í hölf, sem lýst hefur verið sjúkdómalaust í samræmi við þá tilskipun, eða háð eftirlits- eða útrýmingaráætlun. Til samræmis við það er við hæfi að mæla fyrir um kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða og samræmdar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum í þessari reglugerð sem koma í stað krafna um útgáfu heilbrigðisvottorða sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/67/EBE og þeim ákvörðunum sem eru til framkvæmdar tilskipuninni.
- 5) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu <sup>(8)</sup> er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gilda fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja, þ.m.t. kröfur um pökkun og merkingar. Þær kröfur um dýraheilbrigðisvottun, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, er varða setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra til frekari vinnslu áður en þau eru notuð til manneldis gilda ekki um dýr og afurðir sem er pakkað og merkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004, með fyrirvara um ákveðin skilyrði.
- 6) Í tilskipun 2006/88/EB er kveðið á um að aðildarríkin skuli sjá til þess að setning skrautlagardýra á markað tefli heilbrigðisástandi lagardýra ekki í tvísýnu að því er varðar sjúkdómama, sem ekki eru framandi, sem eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 337, 12.8.2008, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 216, 14.8.1999, bls. 13.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 135, 3.6.2003, bls. 19.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 302, 20.11.2003, bls. 22.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 324, 11.12.2003, bls. 37.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 71.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

- 7) Skrautlagardýr sem eru sett á markað í Bandalaginu og ætluð í aðstöðu þar sem þau komast ekki í beina snertingu við náttúrulegt vatn, þ.e.a.s. í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr, skapa ekki sömu áhættu fyrir aðra geira lagareldis í Bandalaginu eða fyrir villta stofna. Til samræmis við það skal samkvæmt þessari reglugerð ekki gera kröfu um dýraheilbrigðisvottun fyrir slík dýr.
- 8) Í því skyni að veita aðildarríkjunum upplýsingar um flutninga á skrautlagardýrum, sem ætluð eru í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr, inn á yfirráðasvæði þeirra ef allt yfirráðasvæðið eða tiltekin svæði eða hólf hafa verið lýst laus við einn eða fleiri sjúkdóma, sem ekki eru framandi, sem skrautlagardýr eru smitnæm fyrir, er við hæfi að slíkir flutningar séu tilkynntir gegnum Traces-kerfið eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(1)</sup> og innleitt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB frá 30. mars 2004 um að taka upp Traces-kerfið<sup>2</sup>.
- 9) Flutningar innan Bandalagsins frá lokaðri aðstöðu fyrir skrautlagardýr til opinna aðstöðu fyrir skrautlagardýr eða út í náttúruna geta skapað mikla áhættu fyrir aðra geira lagareldis í Bandalaginu og skulu ekki heimilaðir nema með leyfi lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna.
- 10) Í tilskipun 2006/88/EB er kveðið á um að aðildarríkin skuli grípa til tiltekinna lágmarksvarnarráðstafana ef um er að ræða staðfestingu á framandi sjúkdómi eða sjúkdómi sem er ekki framandi, sem er tilgreindur í II. hluta IV. viðauka við þá tilskipun, í lagareldisdýrum eða villtum lagardýrum eða ef um er að ræða nýtilkomna sjúkdóma. Einnig er í þeirri tilskipun kveðið á um að aðildarríkin skuli sjá til þess að setning lagareldisdýra á markað sé háð dýraheilbrigðisvottun ef heimild er veitt til að flytja dýrin af svæði sem fellur undir þessar varnarráðstafanir.
- 11) Til samræmis við það skal í þessari reglugerð mæla fyrir um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorðs fyrir sendingar lagareldisdýra og afurða þeirra sem fluttar eru frá aðildarríkjunum, svæðum eða hölfum sem falla undir sjúkdómsvarnarráðstafanir.
- 12) Í tilskipun 2006/88/EB er kveðið á um að aðildarríkin skuli sjá til þess að lagareldisdýr og afurðir þeirra séu einungis flutt inn í Bandalagið frá þriðju löndum eða hlutum þriðju landa sem er að finna í skrá sem er samin í samræmi við þá tilskipun.
- 13) Einungis skal leyfa innflutning lagareldisdýra til Bandalagsins frá þriðju löndum þar sem löggjöf á sviði heilbrigðis dýra og eftirlitskerfi eru sambærileg því sem gerist í Bandalaginu. Til samræmis við það skal í þessari reglugerð taka saman skrá fyrir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem aðildarríkin hafa heimild til að flytja inn lagareldisdýr til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr. Þó skal heimila innflutning inn í Bandalagið á tilteknum skrautfiskum, lindýrum og krabbadýrum, sem ætluð eru í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr, frá þriðju löndum sem eru aðilar að Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni.
- 14) Þriðju löndum og yfirráðasvæðum, sem hafa heimild til að flytja lagareldisdýr til manneldis út til Bandalagsins á grundvelli lýðheilsusjónarmiða, skal einnig heimilt að flytja út til Bandalagsins samkvæmt dýraheilbrigðis-ákvæðum þessarar reglugerðar. Af þeim sökum skal einungis flytja inn í Bandalagið lagareldisdýr og afurðir þeirra, sem eru ætlaðar til manneldis, frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hölfum sem eru í skránni sem var samin í samræmi við 1. mgr. 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis <sup>(3)</sup>.
- 15) Slíkar skrár eru settar fram í I. og II. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/766/EB frá 6. nóvember 2006 um skrár yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem innflutningur á samlokum, skrápdyrum, möttuldýrum, sæsniglum og lagarafurðum er leyfður frá<sup>4</sup> og á aðlögunartímabili sem stendur til 31. desember 2009 í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 frá 5. desember 2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004<sup>5</sup>. Til að tryggja samræmi í löggjöf Bandalagsins skal taka tillit til þessara skráa í þessari reglugerð.
- 16) Í tilskipun 2006/88/EB er kveðið á um að skjal með dýraheilbrigðisvottorði skuli fylgja öllum sendingum lagareldisdýra og afurða þeirra við komu þeirra inn í Bandalagið. Nauðsynlegt er að mæla fyrir um ítarleg skilyrði á sviði heilbrigðis dýra í þessari reglugerð vegna innflutnings á lagareldisdýrum inn í Bandalagið, þ.m.t. fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorðum sem skal koma í stað innflutningsskilyrðanna sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/67/EBE.

<sup>(1)</sup> Stjúd. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjúd. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63.

<sup>(3)</sup> Stjúd. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

<sup>(4)</sup> Stjúd. ESB L 320, 18.11.2006, bls. 53.

<sup>(5)</sup> Stjúd. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83.

- 17) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 frá 5. desember 2005 um framkvæmdarráðstafanir, er varða tiltekna afurðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og er varða skipulag opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, um undanþágu frá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004<sup>(14)</sup> er mælt fyrir um fyrirmynd að heilbrigðisvottorðum vegna innflutnings á lagarafurðum og lifandi samlokum sem eru ætlaðar til manndis. Til að tryggja samfellu í löggjöf Bandalagsins skal í þessari reglugerð kveðið á um að þessar fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fylgi innfluttum afurðum sem þessi reglugerð tekur til.
- 18) Skrautlagardýr, þ.m.t. fiskur, lindýr og krabbadýr, eru að miklu leyti flutt inn í Bandalagið frá þriðju löndum og yfirráðasvæðum þeirra. Til að vernda heilbrigðisástand dýra í aðstöðu fyrir skrautlagardýr innan Bandalagsins er nauðsynlegt að mæla fyrir um tiltekna dýraheilbrigðiskröfur vegna innflutnings á slíkum dýrum.
- 19) Mikilvægt er að tryggja að heilbrigðisástandi lagareldisdýra, sem eru flutt inn í Bandalagið, sé ekki stofnað í hættu við flutning þeirra til Bandalagsins.
- 20) Slepning innfluttra lagareldisdýra út í náttúruna innan Bandalagsins skapar sérstaklega mikla áhættu fyrir dýraheilbrigðisástand í Bandalaginu þar eð erfitt er að hafa eftirlit með og útrýma sjúkdómum í náttúrulegu vatni. Í samræmi við það skal gerð krafa um sérstaka heimild frá lögbæru yfirvaldi fyrir slíkri sleppingu sem skal einungis leyfð að því tilskildu að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að tryggja heilbrigðisástand dýra á þeim stað þar sem sleppt er.
- 21) Lagareldisdýr sem eru ætluð til umflutnings gegnum Bandalagið skulu uppfylla sömu kröfur og lagareldisdýr sem eru ætluð til innflutnings inn í Bandalagið.
- 22) Kveða skal á um sérstök skilyrði vegna umflutnings gegnum Bandalagið til og frá Rússlandi vegna landfræðilegrar staðsetningar Kaliningrad sem hefur einungis áhrif á Lettland, Litháen og Pólland. Til að tryggja samræmi í löggjöf Bandalagsins skal í þessari reglugerð taka tillit til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB frá 7. desember 2001 um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir dýraheilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og um uppfærslu ítarlegra reglna um eftirlit sérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar<sup>(15)</sup> og tilskipunar ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum<sup>(16)</sup>.
- 23) Tilskipun ráðsins 96/93/EB frá 17. desember 1996 um vottun dýra og dýraafurða<sup>(17)</sup> þar sem mælt er fyrir um reglur sem fara verður eftir við útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir, skal gilda um dýraheilbrigðisvottorð sem eru gefin út samkvæmt þessari reglugerð.
- 24) Í 17. gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um að ef færðar eru sönnur fyrir því með vísindalegum gögnum eða að fenginni reynslu að aðrar tegundir en þær smitnæmu tegundir sem um getur í II. hluta IV. viðauka við þá tilskipun kunni að vera smitferjur fyrir tiltekinn sjúkdóm og eiga sök á útbreiðslu hans skulu aðildarríkin, ef flytja á tegundir, sem eru smitferjur, til eldis eða til endurnýjunar stofna inn í aðildarríki eða inn á svæði eða hólf sem lýst hefur verið laust við þennan tiltekna sjúkdóm, uppfylla tiltekna kröfur sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Í 17. gr. tilskipunar 2006/88/EB er einnig kveðið á um að semja skuli skrá yfir tegundir smitferja. Af þeim sökum skal samþykkja skrá yfir tegundir smitferja.
- 25) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) hefur samþykkt þrjú álit varðandi þetta atriði. Álit vísindanefndarinnar um heilbrigði og velferð dýra, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um hugsanlegar tegundir smitferja og lífsferla smitnæmra tegunda sem bera ekki með sér sjúkdóma að því er varðar tiltekna fisksjúkdóma (Scientific Opinion of the Panel on Animal Health and Welfare on a request from the European Commission on possible vector species and live stages of susceptible species not transmitting disease as regards certain fish diseases)<sup>(18)</sup>, álit vísindanefndarinnar um heilbrigði og velferð dýra, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um hugsanlegar tegundir smitferja og lífsferla smitnæmra tegunda sem bera ekki með sér sjúkdóma að því er varðar tiltekna lindýrasjúkdóma (Scientific Opinion of the Panel on Animal Health and Welfare on a request from the European Commission on possible vector species and live stages of susceptible species not transmitting disease as regards certain mollusc diseases)<sup>(19)</sup> og álit vísindanefndarinnar um heilbrigði og velferð dýra, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um hugsanlegar tegundir smitferja og lífsferla smitnæmra tegunda sem bera ekki með sér sjúkdóma að því er varðar tiltekna krabbadýrasjúkdóma (Scientific Opinion of the Panel on Animal Health and Welfare on a request from the European Commission on possible vector species and live stages of susceptible species not transmitting disease as regards certain crustacean diseases)<sup>(20)</sup>.
- 26) Samkvæmt þessum vísindalegu álitum eru líkur á dreifingu sjúkdómanna, sem tilgreindir eru í tilskipun 2006/88/EB, með hugsanlegum tegundum smitferja eða hópum tegunda smitferja, sem metnar voru, og að sjúkdómarnir nái fótfestu, flokkaðar frá því að vera óverulegar eða afar litlar til þess að teljast í meðallagi við tiltekna aðstæður. Matið náði til lagartegunda sem eru notaðar í lagareldi og í viðskiptum til notkunar í eldi.

<sup>(14)</sup> Stjútíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27.

<sup>(15)</sup> Stjútíð. EB L 326, 11.12.2001, bls. 44.

<sup>(16)</sup> Stjútíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

<sup>(17)</sup> Stjútíð. EB L 13, 16.1.1997, bls. 28.

<sup>(18)</sup> Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 584, bls. 1–163.

<sup>(19)</sup> Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 597, bls. 1–116.

<sup>(20)</sup> Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 598, bls. 1–91.

- 27) Taka skal mið af þessum álitum Matvælaöryggisstofnunarinnar við samantekt á skrá yfir tegundir smitferja. Þegar tekin er ákvörðun um það hvaða tegundir skuli tilgreina í skránni skal tryggja viðeigandi vernd fyrir heilbrigðisástand lagareldisdýra í Bandalaginu en jafnframt skal forðast innleiðingu óþarfra takmarkana á viðskipti. Af þessu leiðir að í skránni skal tilgreina tegundir sem samkvæmt þessum álitum skapa miðlungsáhættu á útbreiðslu sjúkdóma.
- 28) Margar þeirra tegunda, sem eru tilgreindar sem hugsanlegar smitferjur fyrir tiltekna sjúkdóma í álitum Matvælaöryggisstofnunarinnar, skulu einungis teljast smitferjur þegar þær koma af svæði þar sem fyrir eru tegundir sem eru smitnæmar fyrir umræddum sjúkdómi og eru ætlaðar á svæði þar sem einnig er að finna sömu smitnæmu tegundirnar. Til samræmis við það skulu lagareldisdýr, sem eru hugsanlegar tegundir smitferja, einungis teljast smitferjur við þessi skilyrði í skilningi 17. gr. tilskipunar 2006/88/EB.
- 29) Til að tryggja gagnsæi og samfellu í löggjöf Bandalagsins skal fella ákvarðanir 1999/567/EB, 2003/390/EB, 2003/804/EB, 2003/858/EB og 2006/656/EB úr gildi og þessi reglugerð koma í þeirra stað.
- 30) Rétt er að kveða á um aðlögunartímabil til að gera aðildarríkjunum og iðnaðinum kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla nýju kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 31) Þegar haft er í huga hversu víðfeðmt viðskiptaflæðið er með skrautlagardýr af tegundum sem eru smitnæmar fyrir húðsveppadrepí (e. epizootic ulcerative syndrome) og að þörf er á að framkvæma frekari rannsóknir á þeirri áhættu sem sjúkdómurinn veldur fyrir skrautlagardýraíðnaðinn, þ.m.t. endurmat á skránni yfir smitnæmar tegundir, skal komast hjá beinni röskun á innflutningi skrautfiskategunda sem eru smitnæmar fyrir húðsveppadrepí en eru einungis ætlaðar í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr. Því er rétt að innleiða aðlögunartímabil varðandi þær kröfur sem tengjast sjúkdómnum sem viðkomandi sendingar skulu uppfylla. Einnig er aðlögunartímabil nauðsynlegt til að þriðju lönd fái nægan tíma til að skrá að þau séu laus við umræddan sjúkdóm.
- 32) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### I. KAFLI

#### EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

##### 1. gr.

##### Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um:

- a) skrá yfir tegundir smitferja,
- b) skilyrði á sviði heilbrigðis dýra er varða setningu skrautlagardýra, sem annaðhvort koma frá eða á að senda í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr, á markað,
- c) kröfur um dýraheilbrigðisvottorð til að setja á markað:
- i. lagareldisdýr sem ætluð eru til eldis, þ.m.t. á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna, og
- ii. lagareldisdýr og afurðir úr þeim sem eru ætlaðar til manneldis,
- d) skilyrði á sviði heilbrigðis dýra og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða vegna innflutnings inn í Bandalagið og umflutning innan þess, þ.m.t. geymsla meðan á umflutningi stendur, á:
- i. lagareldisdýrum sem ætluð eru til eldis, þ.m.t. á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr,
- ii. lagareldisdýrum og afurðum úr þeim sem eru ætlaðar til manneldis,
- iii. skrautlagardýrum sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr.

2. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „lokuð aðstaða fyrir skrautlagardýr“: gæludýraverslanir, garðmiðstöðvar, garðtjarnir, ker sem eru notuð í atvinnuskyni eða aðstaða hjá heildsölum, þar sem skrautlagardýrum er haldið:
- i. án nokkurrar beinnar snertingar við náttúrulegt vatn í Bandalaginu eða
- ii. sem eru búin frárennslisheinsunarkerfi sem dregur nægilega úr hættu á að sjúkdómar berist í náttúrulegt vatn að viðunandi teljist,
- b) „opin aðstaða fyrir skrautlagardýr“: aðstaða fyrir skrautlagardýr önnur en lokuð aðstaða fyrir skrautlagardýr,

c) „endurnýjun stofna“: slepping lagareldisdýra út í náttúruna.

á lindýraræktunarsvæði eða út í náttúruna nema með leyfi lögbærs yfirvalds.

## II. KAFLI

Lögbært yfirvald skal einungis veita slíkt leyfi ef sleppingin stofnar heilbrigðisástandi lagardýranna á þeim stað þar sem sleppt er ekki í hættu og skal sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að draga úr áhættu.

### TEGUNDIR SMITFERJA

5. gr.

3. gr.

### Lagareldisdýr sem eru ætluð til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna

#### Skrá yfir tegundir smitferja

Lagareldisdýr af tegundum sem tilgreindar eru í 2. dálki töflunnar í I. viðauka við þessa reglugerð skulu einungis teljast smitferjur í skilningi 17. gr. tilskipunar 2006/88/EB ef dýrin uppfylla skilyrðin í 3. og 4. dálki töflunnar.

Sendingum lagareldisdýra, sem ætluð eru til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr eða til endurnýjunar stofna, skal fylgja dýraheilbrigðisvottorð sem fyllt er út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í A-hluta II. viðauka og skýringarnar í V. viðauka ef dýrin:

## III. KAFLI

a) eru flutt inn í aðildarríki, á svæði eða í hólif sem:

### SETNING LAGARELDISDÝRA Á MARKAD

i. hafa verið lýst laus við einn eða fleiri sjúkdóma, sem ekki eru framandi, sem eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB í samræmi við 49. eða 50. gr. tilskipunarinnar eða

4. gr.

ii. falla undir eftirlits- eða útrýmingaráætlun í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar,

#### Skrautlagardýr sem koma frá eða eru ætluð í aðstöðu fyrir skrautlagardýr

b) eru af tegund sem er smitnæm fyrir eða er smitferja fyrir einn eða fleiri þeirra sjúkdóma sem aðildarríkið eða viðkomandi svæði eða hólif hefur verið lýst laust við eða sem falla undir eftirlits- eða útrýmingaráætlun eins og um getur í a-lið.

1. Skyld er að tilkynna um flutninga á skrautlagardýrum í tölvukerfinu sem kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE (Traces) ef dýrin:

a) koma úr aðstöðu fyrir skrautlagardýr í einu aðildarríki,

6. gr.

b) eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr í öðru aðildarríki þar sem allt yfirráðasvæðið eða tiltekin svæði eða hólif:

#### Lagareldisdýr og afurðir úr þeim sem eru ætlaðar til frekari vinnslu áður en þau eru notuð til manneldis

i. hafa verið lýst laus við einn eða fleiri sjúkdóma, sem ekki eru framandi, sem eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB í samræmi við 49. eða 50. gr. tilskipunarinnar eða

1. Sendingum lagareldisdýra og afurðum úr þeim, sem ætlaðar eru til frekari vinnslu áður en þær eru notaðar til manneldis, skal fylgja dýraheilbrigðisvottorð sem fyllt er út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í B-hluta II. viðauka og skýringarnar í V. viðauka ef þær:

ii. falla undir eftirlits- eða útrýmingaráætlun í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar og

a) eru fluttar inn í aðildarríki, á svæði eða í hólif sem:

c) eru af tegund sem er smitnæm fyrir einum eða fleiri þeirra sjúkdóma sem aðildarríkið eða viðkomandi svæði eða hólif hefur verið lýst laust við eða sem falla undir eftirlits- eða útrýmingaráætlun eins og um getur í b-lið.

i. hafa verið lýst laus við einn eða fleiri sjúkdóma, sem ekki eru framandi, sem eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB í samræmi við 49. eða 50. gr. tilskipunarinnar eða

2. Ekki skal sleppa skrautlagardýrum, sem haldin eru í lokaðri aðstöðu fyrir skrautlagardýr, inn í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr, eldisstöðvar, umlagningarsvæði og sleppivötn,

ii. falla undir eftirlits- eða útrýmingaráætlun í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar,

b) eru af tegund sem er smitnæm fyrir einum eða fleiri þeirra sjúkdóma sem aðildarríkið eða viðkomandi svæði eða hólf hefur verið lýst laust við eða sem falla undir eftirlits- eða útrýmingaráætlun eins og um getur í a-lið.

8. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:

a) fiska sem hefur verið slátrað og þeir slægðir fyrir brottsendingu,

b) lindýr eða krabbadýr sem eru ætluð til mannelis og er pakkað og þau merkt í því skyni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og eru:

i. ólífvænleg, þ.e. ófær um að lifa af ef þau eru sett aftur í það umhverfi sem þau voru tekin úr, eða

ii. ætluð til frekari vinnslu án geymslu tímabundið á vinnslustöð,

c) lagareldisdýr eða afurðir þeirra, sem eru settar á markað til mannelis án frekari vinnslu, að því tilskildu að þeim sé pakkað í smásölupakkningar sem samrýmast ákvæðum um slíka pökkun í reglugerð (EB) nr. 853/2004.

7. gr.

**Lifandi lindýr og krabbadýr sem ætlað er að fari í hreinsunarstöðvar, afgreiðslustöðvar eða svipuð fyrirtæki áður en þau eru notuð til mannelis**

Sendingum lifandi lindýra og krabbadýra, sem ætlað er að fari í hreinsunarstöðvar, afgreiðslustöðvar eða svipuð fyrirtæki áður en þau eru notuð til mannelis, skal fylgja dýraheilbrigðisvottorð sem fyllt er út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í B-hluta II. viðauka og skýringarnar í V. viðauka ef þær:

a) eru fluttar inn í aðildarríki, á svæði eða í hólf sem:

i. hafa verið lýst laus við einn eða fleiri sjúkdóma, sem ekki eru framandi, sem eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB í samræmi við 49. eða 50. gr. eða

ii. falla undir eftirlits- eða útrýmingaráætlun í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar,

b) eru af tegund sem er smitnæm fyrir einum eða fleiri þeirra sjúkdóma sem aðildarríkið eða viðkomandi svæði eða hólf hefur verið lýst laust við eða sem falla undir eftirlits- eða útrýmingaráætlun eins og um getur í a-lið.

**Lagareldisdýr og afurðir þeirra sem fluttar eru frá aðildarríkjum, svæðum eða hölfum sem falla undir sjúkdómsvarnarráðstafanir, þ.m.t. útrýmingaráætlanir**

1. Sendingum lagareldisdýra og afurða þeirra, sem fluttar eru frá aðildarríkjum, svæðum eða hölfum sem falla undir sjúkdómsvarnarráðstafanir sem kveðið er á um í 3. til 6. þætti V. kafla tilskipunar 2006/88/EB en sem lögbært yfirvald hefur veitt undanþágur frá þessum sjúkdómsvarnarráðstöfunum, skal fylgja dýraheilbrigðisvottorð sem fyllt er út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í:

a) A-hluta II. viðauka og skýringunum í V. viðauka ef sendingin samanstendur af lagareldisdýrum sem ætluð eru til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr eða til endurnýjunar stofna og

b) B-hluta II. viðauka og skýringunum í V. viðauka ef sendingin samanstendur af lagareldisdýrum og afurðum þeirra sem ætluð eru til frekari vinnslu, í hreinsunarstöðvar, afgreiðslustöðvar eða svipuð fyrirtæki áður en þær eru notaðar til mannelis.

2. Sendingum lagareldisdýra, sem ætluð eru til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr eða til endurnýjunar stofna, skal fylgja dýraheilbrigðisvottorð sem fyllt er út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í A-hluta II. viðauka og skýringarnar í V. viðauka ef dýrin:

a) eru flutt frá aðildarríki, svæði eða hólfum með útrýmingaráætlun sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB,

b) eru af tegund sem er smitnæm fyrir eða er smitferja fyrir einn eða fleiri þeirra sjúkdóma sem falla undir útrýmingaráætlunina eins og um getur í a-lið.

3. Sendingum lagareldisdýra og afurða þeirra, sem ætluð eru til frekari vinnslu, í hreinsunarstöðvar, afgreiðslustöðvar eða svipuð fyrirtæki áður en þær eru notaðar til mannelis, skal fylgja dýraheilbrigðisvottorð sem fyllt er út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í B-hluta II. viðauka og skýringarnar í V. viðauka ef þær:

a) eru fluttar frá aðildarríki, svæði eða hólfum með útrýmingaráætlun sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB,

b) eru af tegund sem er smitnæm fyrir einum eða fleiri þeirra sjúkdóma sem falla undir útrýmingaráætlunina eins og um getur í a-lið.

4. Þessi grein gildir ekki um:

a) fiska sem hefur verið slátrað og þeir slægðir fyrir brotsendingu,

b) lindýr eða krabbadýr sem eru ætluð til manneldis og er pakkað og þau merkt í því skyni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og eru:

i. ólífvænleg, þ.e. ófær um að lifa af ef þau eru sett aftur í það umhverfi sem þau voru tekin úr, eða

ii. ætluð til frekari vinnslu án geymslu tímabundið á vinnlustöð,

c) lagareldisdýr eða afurðir þeirra, sem eru settar á markað til manneldis án frekari vinnslu, að því tilskildu að þeim sé pakkað í smásölupakkningar sem samrýmast ákvæðum um slíka pökkun í reglugerð (EB) nr. 853/2004.

9. gr.

#### Aðflutningur lagareldisdýra eftir skoðun

Ef kveðið er á um það í þessum kafla að skoðunar sé krafist áður en dýraheilbrigðisvottorð er gefið út skal ekki flytja lifandi lagareldisdýr af tegundum sem eru smitnæmar fyrir eða eru smitferjur fyrir einn eða fleiri þeirra sjúkdóma, sem um getur í því vottorði, inn í eldisstöð eða á lindýraræktunarsvæði á tímabilinu frá því að skoðunin fer fram að fermingardegi sendingarinnar.

#### IV. KAFLI

##### SKILYRÐI FYRIR INNFLUTNINGI

10. gr.

#### Lagareldisdýr sem eru ætluð til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr

1. Lagareldisdýr sem eru ætluð til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr skal einungis flytja inn í Bandalagið frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hólum sem tilgreind eru í III. viðauka.

2. Sendingar með lagareldisdýrunum, sem um getur í 1. mgr., skulu:

a) hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð sem fyllt er út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í A-hluta IV. viðauka og skýringarnar í V. viðauka,

b) uppfylla dýraheilbrigðiskröfurnar, sem mælt er fyrir um í fyrirmynd að vottorði og skýringum, eins og um getur í a-lið.

11. gr.

#### Skrautlagardýr sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr

1. Skrautfiska af tegundum sem eru smitnæmar fyrir einum eða fleiri þeirra sjúkdóma sem tilgreindir eru í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB og ætlaðir eru í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr skal einungis flytja inn í Bandalagið frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hólum sem tilgreind eru í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. Skrautfiska af tegundum sem eru ekki smitnæmar fyrir neinum þeirra sjúkdóma sem eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB og skrautlindýr og skrautkrabbadýr, sem ætluð eru í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr, skal einungis flytja inn í Bandalagið frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hólum sem eru aðilar að Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni.

3. Sendingar með dýrunum, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu:

a) hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð sem fyllt er út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í B-hluta IV. viðauka og skýringarnar í V. viðauka og

b) uppfylla dýraheilbrigðiskröfurnar, sem mælt er fyrir um í fyrirmynd að vottorði og skýringum, eins og um getur í a-lið.

12. gr.

#### Lagareldisdýr og afurðir úr þeim sem eru ætlaðar til manneldis

1. Lagareldisdýr og afurðir þeirra, sem eru ætlaðar til manneldis, skal einungis flytja inn í Bandalagið frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hólum sem eru tilgreind í skrá sem er samin í samræmi við 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004.

2. Sendingar með lagareldisdýrunum og afurðunum, sem um getur í 1. mgr., skulu:

- a) hafa meðfylgjandi sameiginlegt vottorð vegna lýðheilsu og dýraheilbrigðis sem er útfyllt í samræmi við viðkomandi fyrirmyndir sem settar eru fram í IV. og V. viðbæti við VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og
- b) uppfylla dýraheilbrigðiskröfurnar og eru í samræmi við athugasemdirnar sem koma fram í fyrirmynd að vottorði og staðfestingum, eins og um getur í a-lið.

3. Þessi grein gildir ekki ef ætlunin er að setja lagareldisdýrin á umlagingsrsvæði eða að setja þau aftur í vötn í Bandalaginu en í því tilviki gildir 10. gr.

13. gr.

#### Rafræn vottun

Heimilt er að nota rafræna vottun og önnur viðurkennd kerfi, sem eru samræmd á vettvangi Bandalagsins, til að gefa út vottorð og staðfestingar sem kveðið er á um í þessum kafla.

14. gr.

#### Flutningur lagareldisdýra

1. Lagareldisdýr, sem flytja á inn í Bandalagið, skulu ekki flutt við skilyrði sem kunna að breyta heilbrigðisástandi þeirra. Þau skal m.a. ekki flytja í sama vatni eða flutningsumbúðum (e. micro-container) og lagardýr sem eru í lakara heilbrigðisástandi eða sem ekki eru ætluð til innflutnings inn í Bandalagið.

2. Meðan á flutningi lagareldisdýra til Bandalagsins stendur skal ekki afferma þau úr flutningsumbúðunum og ekki skal skipta um vatnið, sem þau eru í, á yfirráðasvæði þriðja lands sem hefur ekki fengið samþykki fyrir innflutningi á slíkum dýrum inn í Bandalagið eða sem hefur lakari heilbrigðisstöðu en ákvörðunarstaðurinn.

3. Ef sendingar lagareldisdýra eru fluttar sjóleiðis að landamærum Bandalagsins skal viðbætur vegna flutninga lifandi lagareldisdýra sjóleiðis, sem fylltur er út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í D-hluta IV. viðauka, festur við viðkomandi dýraheilbrigðisvottorð.

15. gr.

#### Kröfur vegna sleppingar lagareldisdýra og losunar afurða þeirra og vegna vatns sem flutt er í

1. Lagareldisdýr og afurðir þeirra, sem eru flutt inn í Bandalagið og ætluð til manneldis, skal meðhöndla á

viðeigandi hátt til að koma í veg fyrir mengun náttúrulegs vatns í Bandalaginu.

2. Ekki skal sleppa lagareldisdýrum, sem flutt eru inn í Bandalagið, út í náttúruna innan Bandalagsins nema með leyfi lögbærs yfirvalds á ákvörðunarstaðnum.

Lögbært yfirvald má einungis veita leyfi ef sleppingin stofnar heilbrigðisástandi lagardýranna á þeim stað þar sem sleppt er ekki í hættu og skal sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að draga úr áhættu.

3. Vatn úr innfluttum sendingum lagareldisdýra og afurða þeirra skal meðhöndla á viðeigandi hátt til að koma í veg fyrir mengun náttúrulegs vatns í Bandalaginu.

## V. KAFLI

### SKILYRÐI FYRIR UMFLUTNINGI

16. gr.

#### Umflutningur og geymsla

Sendingar lifandi lagareldisdýra, fiskhrogna og óslægðra fiska, sem komið er með inn í Bandalagið en eru ætlaðar til þriðja lands, annaðhvort með tafarlausum umflutningi gegnum Bandalagið eða eftir geymslu í Bandalaginu, skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. kafla. Á vottorðinu sem fylgir sendingunum skal standa „til umflutnings gegnum Bandalagið“. Sendingunum skal einnig fylgja vottorð sem þriðja land, sem er viðtökuland, gerir kröfu um.

Ef þessar sendingar eru ætlaðar til manneldis skal þó fylgja þeim dýraheilbrigðisvottorð sem fyllt er út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í C-hluta IV. viðauka og skýringarnar í V. viðauka.

17. gr.

#### Undanþága vegna umflutnings um Lettland, Litháen og Pólland

1. Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. skal leyfa umflutning sendinga, sem koma frá eða eru á leið til Rússlands, beint eða í gegnum annað þriðja land, á vegum eða með járnbrautum milli skoðunarstöðva á landamærum Lettlands, Litháens og Póllands, sem tilgreindar eru í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB, ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

- a) opinber dýralæknir innsiglaði sendinguna með tölusettu innsigli á skoðunarstöð á landamærum komustaðs,



b) opinber skoðunarmaður á skoðunarstöð á landamærum komustaðs stimplaði á hverja síðu skjalanna sem fylgja sendingunni, eins og kveðið er á um í 7. gr. tilskipunar 97/78/EB, orðin „Eingöngu til umflutnings gegnum Bandalagið til Rússlands“,

20. gr.

c) kröfur um málsmeðferð, sem kveðið er á um í 11. gr. tilskipunar 97/78/EB, eru uppfylltar og

d) sendingin er vottuð sem tæk fyrir umflutning á samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir sem opinber skoðunarmaður á landamærum komustaðs gaf út.

2. Ekki er heimilt að afferma sendingarnar, sem um getur í 1. mgr., eða setja þær í geymslu innan Bandalagsins eins og um getur í 4. mgr. 12. gr. eða í 13. gr. tilskipunar 97/78/EB.

3. Lögbert yfirvald skal annast reglulega úttekt til að tryggja að fjöldi sendinga, eins og um getur í 1. mgr., og samsvarandi magn afurða sem er flutt frá Bandalaginu samsvari þeim fjölda og því magni sem er flutt inn í Bandalagið.

## VI. KAFLI

### ALMENN ÁKVÆÐI, BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

18. gr.

#### Kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða sem mælt er fyrir um í annarri löggjöf Bandalagsins

Fella skal inn í dýraheilbrigðisvottorðin, sem krafist er í samræmi við III., IV. og V. kafla þessarar reglugerðar, eftir því sem við á, allar kröfur um dýraheilbrigðisvottorð samkvæmt:

- ráðstöfunum sem eru samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB til að koma í veg fyrir að sjúkdómar, sem ekki eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina, komi upp eða til að verjast þeim eða
5. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB<sup>(21)</sup>.

19. gr.

#### Niðurfelling

Ákvarðanir 1999/567/EB, 2003/390/EB, 2003/804/EB, 2003/858/EB og 2006/656/EB eru felldar úr gildi frá og með 1. janúar 2009.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvarðanirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

### Bráðabirgðaákvæði

1. Á aðlögunartímabili sem stendur til 30. júní 2009 er heimilt að setja skrautlagardýr, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., á markað án þess að tilkynnt sé um það í tölvukerfinu, sem kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE (Traces), að því tilskildu að dýrin verði komin á áfangastað fyrir þá dagsetningu.

2. Á aðlögunartímabili sem stendur til 30. júní 2009 er heimilt að setja sendingar lagareldisdýra og afurða þeirra, sem hafa meðfylgjandi flutningsskjal eða dýraheilbrigðisvottorð í samræmi við viðauka E við tilskipun 91/67/EBE eða ákvarðanir 1999/567/EB og 2003/390/EB, á markað að því tilskildu að þau verði komin á áfangastað fyrir þá dagsetningu.

3. Á aðlögunartímabili sem stendur til 30. júní 2009 er heimilt að flytja eftirtaldir sendingar lagareldisdýra og afurða þeirra inn í Bandalagið eða flytja þær gegnum Bandalagið:

- sendingar sem hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð í samræmi við ákvarðanir 2003/804/EB, 2003/858/EB og 2006/656/EB,
- sendingar sem falla undir IV. kafla þessarar reglugerðar en falla ekki undir ákvarðanir 2003/804/EB, 2003/858/EB og 2006/656/EB.

Ákvæði 3. mgr. 14. gr. gilda ekki um sendingar sem um getur í a- og b-lið á tímabilinu.

4. Á aðlögunartímabili sem stendur til 31. desember 2009 er aðildarríkjunum heimilt að leyfa innflutning lagareldisdýra og afurða þeirra, sem eru ætlaðar til manneldis, frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hólfulum sem eru tilgreind í I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2076/2005.

5. Á aðlögunartímabili sem stendur til 31. desember 2010 er aðildarríkjunum heimilt að leyfa innflutning skrautlagardýra af tegundum sem eru smitnæmar fyrir húðsveppadrep, sem eru eingöngu ætlaðar í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr, frá þriðju löndum eða yfirráðasvæðum sem eru aðilar að Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni.

Á aðlögunartímabilinu gilda kröfurnar sem varða húðsveppadrep, sem settar eru fram í II.2 hluta dýraheilbrigðisvottorðsins í B-hluta IV. viðauka, ekki um skrautlagardýr sem eru eingöngu ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr.

<sup>(21)</sup> Stjútö. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 5.

21. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. desember 2008.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Androulla VASSILIOU

*framkvæmdastjóri.*

---

I. VIÐAUKI

Skrá yfir hugsanlegar tegundir smitferja og við hvaða skilyrði þessar tegundir skulu teljast smitferjur

Sjúkdómar	Smitferjur		
	Tegundir sem skulu teljast smitferjur í skilningi 1. og 2. mgr. 17. gr. ef viðbótarskilyrðin, sem sett eru fram í 3. og 4. dálki þessarar töflu, eru uppfyllt	Viðbótarskilyrði sem tengjast upprunastað lagardýra af tegundum sem tilgreindar eru í 2. dálki	Viðbótarskilyrði sem tengjast ákvörðunarstað lagardýra af tegundum sem tilgreindar eru í 2. dálki
Dálkur 1	Dálkur 2	Dálkur 3	Dálkur 4
Blóðmyndandi drep, EHN-veiki (Epizootic haematopoietic necrosis)	Eðalkarpi ( <i>Aristichthys nobilis</i> ), gullfiskur ( <i>Carassius auratus</i> ), grænkarpur ( <i>C. carassius</i> ), vatnakarpi og skjónakarpi ( <i>Cyprinus carpio</i> ), silfurkarpi ( <i>Hypophthalmichthys molitrix</i> ), vatnagægir ( <i>Leuciscus spp</i> ), roðagægir ( <i>Rutilus rutilus</i> ), straumgægir ( <i>Scardinius erythrophthalmus</i> ), grunnungur ( <i>Tinca tinca</i> )	Engin viðbótarskilyrði	Engin viðbótarskilyrði
Húðsveppadrep (Epizootic ulcerative syndrome)	Eðalkarpi ( <i>Aristichthys nobilis</i> ), gullfiskur ( <i>Carassius auratus</i> ), grænkarpur ( <i>C. carassius</i> ), vatnakarpi og skjónakarpi ( <i>Cyprinus carpio</i> ), silfurkarpi ( <i>Hypophthalmichthys molitrix</i> ), vatnagægir ( <i>Leuciscus spp</i> ), roðagægir ( <i>Rutilus rutilus</i> ), straumgægir ( <i>Scardinius erythrophthalmus</i> ), grunnungur ( <i>Tinca tinca</i> ) <i>Anodonta cygnea</i> , <i>Astacus astacus</i> , Svipuhumar ( <i>Pacifastacus leniusculus</i> ), ferskvatnshumar ( <i>Procambarus clarkii</i> )	Engin viðbótarskilyrði	Engin viðbótarskilyrði
Sýking af völdum <i>Bonamia exitiosa</i>	Portúgölsk ostra ( <i>Crassostrea angulata</i> ), risaostra ( <i>Crassostrea gigas</i> ), meyjarostra ( <i>Crassostrea virginica</i> )	Lagardýr af tegundunum sem tilgreindar eru í 2. dálki skulu einungis teljast smitferjur sjúkdómanna sem tilgreindir eru í 1. dálki ef þau koma frá eldisstöð eða lindýraræktunarsvæði þar sem eru tegundir sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi.	Lagardýr af tegundunum sem tilgreindar eru í 2. dálki skulu einungis teljast smitferjur sjúkdómanna sem tilgreindir eru í 1. dálki ef þau eru ætluð fyrir eldisstöð eða lindýraræktunarsvæði þar sem eru tegundir sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi.

Dálkur 1	Dálkur 2	Dálkur 3	Dálkur 4
